

## Aðalfundur VM – félags vélstjóra og málmæknimanna 11. apríl 2024

### Tillögur að lagabreytingum

Stjórn VM leggur til eftirfarandi breytingar á lögum félagsins:

#### 2. grein - Tilgangur

Núverandi grein hljóðar svo:

*Tilgangur félagsins er að:*

- 1. Semja um kaup og kjör félagsmanna og gæta hagsmuna þeirra.*
- 2. Vinna að atvinnumálum og bættu vinnuumhverfi félagsmanna.*
- 3. Efla faglega og félagslega þekkingu og hæfni félagsmanna.*

Lagt er til að greinin hljóði svo:

*Tilgangur félagsins er að efla kjör félagsmanna, stuðla að auknum réttindum þeirra og bættu vinnuumhverfi. Félagið gerir kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna sinna og kemur fram fyrir þeirra hönd gagnvart hlutaðeigandi aðilum, svo sem hinu opinbera, samtökum atvinnurekenda og öðrum að því er varðar hagsmuni félagsmanna. Þá skal félagið koma að fræðslu fyrir félagsmenn sína og auka þannig þekkingu og hæfni þeirra í starfi.*

#### **Rökstuðningur:**

Lagt er til að texti ákvæðisins verði straumlínulagaður og að hlutverk félagsins í samskiptum út á við verði skerpt. Að öðru leyti er einungis um orðalagsbreytingar að ræða sem ekki hafa efnislegar breytingar í för með sér.

### 3. grein – Stjórn málaafskipti

Núverandi grein hljóðar svo:

*Félagið er óháð stjórn mála flokkum og styður engan stjórn mála flokk.*

Lagt er til að greinin hljóði svo:

*Félagið er óháð og styður enga stjórn mála hreyfingu.*

**Rökstuðningur:**

Lagt er til að hugtakið stjórn mála hreyfing verði notað í stað hugtaksins stjórn mála flokkur þar sem hugtakið nær yfir fleiri stjórn mála samþykking heldur en einungis stjórn mála flokka.

**Kafli II - Félagsmenn**

Núverandi heiti kaflans hljóðar svo:

*Félagsmenn.*

Lagt er til að heiti kaflans hljóði svo:

*Félagsaðild og félagsmenn.*

**Rökstuðningur:**

Lagt er til að heiti kaflans taki breytinginum til að endurspegla betur efnistöð kaflans.

#### 4. grein - Félagsaðild

Núverandi grein hljóðar svo:

*Félagið er opið öllum sem lokið hafa viðurkenndu vélstjórnarnámi, iðnnámi í málm- og véltæknigreinum, bílgreinum, veiðafæragerð, báta- og skipasmíði svo og námsmönnum og öðrum þeim sem starfa í greinunum.*

*Félagsmenn geta einnig orðið þeir sem vinna að málefnum félagsins og aðrir sem stjórn metur hæfa hverju sinni.*

Lagt er til að greinin hljóði svo:

*Félagið er opið öllum sem lokið hafa viðurkenndu vélstjórnarnámi, iðnnámi í málm- og véltæknigreinum, bílgreinum, veiðafæragerð, blikksmíði, báta- og skipasmíði svo og öðrum þeim sem starfa í greinunum.*

*Félagsmenn geta einnig orðið þeir sem vinna að málefnum félagsins og stjórn metur hæfa hverju sinni.*

*Félagar geta bæði verið launamenn og sjálfstætt starfandi á vinnumarkaði. Sjálfstætt starfandi á vinnumarkaði geta orðið félagsmenn með takmörkuðum réttindum samkvæmt reglum einstakra sjóða auk þess sem þeir njóta ekki kjörgengis í félaginu. Sjálfstætt starfandi og/eða eigendur fyrirtækja eiga ekki rétt á að greiða atkvæði um kjarasamninga eða verkföll.*

*Sjálfstætt starfandi telst sá sem ber að áætla sér reiknað endurgjald samkvæmt ákvörðun skattayfirvalda, auk þeirra sem skráðir eru sem launamenn hjá eigin fyrirtæki, enda hafa þeir þannig ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar. Þar sem sjálfstætt starfandi, og/eða fjölskyldumeðlimur rekstraraðila, teljast hafa ráðandi stöðu skulu iðgjöld þeirra ávallt vera greidd og í skilum ef sækja á þjónustu til félagsins eða réttindi í sjóðum félagsins.*

**Rökstuðningur:**

Verið er að skerpa á ákvæðinu og færa það í nútímalegra horf.

Lagt er til að blikksmiðum verði bætt við upptalningu í 1. mgr. enda eru þeir meðal félagsmanna í dag.

Lagt er til að tilvísun til námsmanna verði felld brott enda falla námsmenn hvort eð er undir ákvæðið svo lengi sem þeir starfa í umræddum starfsgreinum.

Til þess að taka af allan vafa þá er það sérstaklega tekið fram að sjálfstætt starfandi aðilar geta átt aðild að félaginu, en þó með takmörkunum eftir því sem við á. Þannig geta atvinnurekendur ekki fengið að taka þátt í atkvæðagreiðslum um kjarasamninga og verkföll.

## 5. grein - Félagsmenn

### Núverandi grein hljóðar svo:

*Fullgildir félagar eru þeir einir sem hafa sótt um inngöngu í félagið og greitt hafa félagsgjald. Þeir sem greiða til félagsins, en óska ekki eftir inngöngu í félagið, teljast aukafélagar. Aukafélagar hafa sömu réttindi og fullgildir félagar að undanskildum atkvæðisrétti og kjörgengi.*

### Lagt er til að greinin hljóði svo:

*Aðild félagsmanna að félaginu getur verið eftirfarandi:*

*Fullgildir félagar eru þeir félagsmenn sem njóta allra þeirra réttinda sem aðild að félaginu felur í sér og lög þessa kveða á um.*

*Hlutdeildarfélagar eru þeir félagsmenn sem njóta sömu réttinda og fullgildir félagar, að frátöldu kjörgengi og kosningarétti í kosningum um verkföll og kjarasamninga. Sjálfstætt starfandi félagsmenn falla í þennan flokk félagsaðildar, sem og þeir sem óska sérstaklega eftir slíkri aðild.*

*Aukafélagar eru þeir félagsmenn sem hafa aðgengi að viðburðum félagsins með málfrelsi og geta sótt um orlofshús samkvæmt reglum orlofssjóðs. Að öðru leyti njóta þeir ekki sérstakra réttinda samkvæmt lögum þessum.*

*Aldursfélagar eru þeir félagsmenn sem eru hættir störfum vegna aldurs, slysa, veikinda eða örorku. Þeir halda áunnum réttindum sínum hjá félaginu og sjóðum þess að frátöldu kjörgengi og kosningarétti í kosningum um verkföll og kjarasamninga.*

*Heiðursfélagar eru þeir félagar sem aðalfundur félagsins hefur skipað sem slíka samkvæmt reglum félagsins. Heiðursfélagar njóta allra sömu réttinda og fullgildir félagar.*

*Félagsmenn skulu auðkenndir í félagsskrá eftir því hvers eðlis félagsaðild þeirra er.*

### **Rökstuðningur:**

Verið er að skerpa á ákvæðinu og einfalda upptalningu á mismunandi tegund félagsaðildar og þeirra réttinda sem þeim fylgja, sem í núgildandi lögum eru nokkuð á reiki og getur stangast á innbyrðis.

Verði breytingin samþykkt verður framvegis um fimm tegundir félagsaðildar, með mismunandi réttindum, að ræða. Breytingin felur þó ekki í sér sérstaklega efnislega breytingu.

Til skýringar þá verða svokallaðir „lágagjaldsfélagar“ (eins og þeir hafa hingað til verið nefndir) eftirleiðis kallaðir „aukafélagar“ og „aukafélagar“ (eins og þeir hafa hingað til verið nefndir) kallaðir „hlutdeildarfélagar“.

Að öðru leyti er einungis um orðalagsbreytingar að ræða sem ekki hafa efnislegar breytingar í för með sér.

## 6. grein - Innganga

### Núverandi grein hljóðar svo:

*Umsækjendur um félagsaðild óska aðildar með skriflegri inntökubeiðni. Stjórn félagsins er þó heimilt að hafa annan hátt á eftir atvikum.*

*Umsóknir sem uppfylla kröfur félagsins um inntöku eru staðfestar af félaginu. Leiki vafi á hvort umsækjandi uppfylli kröfurnar tekur stjórn félagsins umsóknina fyrir.*

*Þegar umsækjandi hefur verið tekinn í félagið er hann bundinn af lögum þess og samþykktum. Hann fær félagsskírteini sem veitir honum full félagsréttindi og aðgang að fundum félagsins.*

### Lagt er til að greinin hljóði svo:

*Umsækjendur um félagsaðild skulu óska aðildar að félaginu með inntökubeiðnum eða með skilum á gjöldum til félagsins. Aðild nýrra félagsmanna að félaginu skal staðfest af skrifstofu félagsins og skal félagið senda viðkomandi tilkynningu um staðfestingu á inngöngu í félagið. Geri hann ekki athugasemdir um aðild innan þriggja vikna frá dagsetningu skal skráningin standa. Ekki er þörf sérstakrar staðfestingar ef viðkomandi hefur áður greitt til félagsins. Sé vafi um rétt til aðildar skal stjórn úrskurða um málið. Unnt er að skjóta þeirri ákvörðun til fulltrúaráðs.*

*Um iðgjöld þeirra sem ekki kjósa að gerast félagsmenn, gilda ákvæði kjarasamninga félagsins á hverjum tíma. Nýjum félagsmönnum sem óska aðildar að félaginu er skylt að veita upplýsingar um starfssvið, áætlaðar tekjur og gögn frá opinberum aðilum til staðfestingar á tekjum sé þess óskað.*

*Þegar umsækjandi hefur gerst félagsmaður telst hann bundinn af lögum félagsins og samþykktum, eftir því sem við á.*

### **Rökstuðningur:**

Verið er að skerpa á ákvæðinu og færa það í nútímalegra horf svo ákvæðið endurspegli rekstur félagsins og starfsemi skrifstofu þess.

Að öðru leyti er einungis um orðalagsbreytingar að ræða sem ekki hafa efnislegar breytingar í för með sér.

## 7. grein - Félagsgjöld

Lagt er til að nógildandi 20. gr. verði framvegis 7. gr. laganna og aðrar lagagreinar taki númerabreytingum til samræmis. Núverandi 20. gr. hljóðar svo:

*Félagsgjöld eru 0,8% af heildarlaunum.*

*Félagsmenn sem eru hættir störfum vegna aldurs, slysa, veikinda eða örorku greiða ekki félagsgjöld en halda áunnum réttindum samkvæmt lögum félagsins og reglum sjóða félagsins.*

*Stjórninni er heimilt er veita námsmönnum undanþágu til að halda áunnum réttindum á meðan á námi stendur.*

*Þeir félagsmenn sem greiða félagsgjald til annarra félaga af lagalegum ástæðum eða öðrum þeim ástæðum sem stjórn metur fullnægjandi geta fengið undanþágu frá fullum félagsgjöldum en greiða þess í stað ákveðið lágmarksgjald til félagsins sem stjórnin ákveður árlega. Þessir félagsmenn skulu auðkenndir í félagaskrá. Þeim skal sent allt almennt efni sem gefið er út á vegum félagsins. Réttindi þeirra í sjóðum félagsins fer eftir ákvæðum sjóða VM.*

*Heiðursfélagar greiða ekki til félagsins en njóta sömu réttinda og fullgildir félagar.*

*Aðalfundur setur reglugerð um kjör heiðursfélaga.*

Lagt er til að greinin hljóði svo:

*Félagsgjöld eru 0,8% af heildarlaunum.*

*Fullgildir félagar og hlutdeildarfélagar greiða fullt félagsgjald.*

*Aukafélagar greiða félagsgjald sem ákveðið er af stjórn félagsins.*

*Heiðurs- og aldursfélagar eru undanskildir félagsgjaldi.*

### **Rökstuðningur:**

Lagt er til að nógildandi ákvæði 20. greinar um félagsgjöld verði færð til í lögnum og höfð frammar, í beinu framhaldi af umfjöllun um félagsaðild og inngöngu í félagið. Núgildandi 20. grein verður því framvegis 7. grein laganna og munu aðrar lagagreinar sem koma á eftir taka númerabreytingum til samræmis.

Þá er verið að einfalda texta um ólík félagsgjöld mismunandi félagsaðildar og gera hann skýrari.

Ákvæði um námsmenn er fært til og verður framvegis í 10. grein.

## 8. grein - Úrsögn

Núverandi grein (í dag 7. gr.) hljóðar svo:

*Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og afhent skrifstofu félagsins.*

*Enginn getur sagt sig úr félaginu eftir að atkvæðagreiðsla um vinnustöðvun hefur verið auglýst eða ákvörðun um vinnustöðvun tekin af félaginu og þar til að vinnustöðvun hefur verið aflýst.*

*Úrsögn úr félaginu hefur ekki áhrif á greiðsluskyldu félagsgjalda vegna þess tíma sem félagsmaður var í félaginu.*

Lagt er til að greinin hljóði svo:

*Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og afhent skrifstofu félagsins.*

*Enginn getur sagt sig úr félaginu eftir að kröfugerð í vinnudeilu hefur verið vísað til ríkissáttasemjara og þar til samningar hafa öðlast gildi.*

*Úrsögn úr félaginu hefur ekki áhrif á greiðsluskyldu félagsgjalda vegna þess tíma sem félagsmaður var í félaginu.*

*Hafi félagsmaður ekki greitt félagsgjald samfellt í sex mánuði telst hann ekki lengur eiga aðild að félaginu nema í þeim tilvikum þegar um aldurs- og/eða heiðursfélaga er að ræða.*

*Áður en félagsmaður er tekinn af félagaskrá skal honum tilkynnt það skriflega með sanngjörnum fyrirvara.*

### **Rökstuðningur:**

Lagt er til að rétturinn til þess að segja sig úr félaginu verði þrengdur, tímalega séð. Breytt orðalag endurspeglar betur núverandi vinnuréttarumhverfi.

Þá er lagt til að félagsmaður hætti sjálfkrafa að vera félagsmaður þegar hann hefur ekki greitt til félagsins í hálf ári.

Ákvæði 4. og 5. mgr. voru áður í 8. gr. laganna (nú 9. grein) en þykja betur eiga við um úrsögn, frekar en brottvikningu.

### 9. grein - Brottvikning

Núverandi grein (í dag 8. gr.) hljóðar svo:

*Stjórn félagsins getur áminnt eða vikið úr félaginu félagsmanni sem að hennar áliti brýtur lög félagsins, samninga þess eða vinnur gegn hagsmunum félagsins. Ákvörðun stjórnar má vísa til félagsfundar en í báðum tilvikum þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða til samþykkis.*

*Brottvikningu er eingöngu beitt þegar sakir eru miklar eða brot sem hefur verið áminnt fyrir áður er ítrekað.*

*Félagsmaður, sem er vikið úr félaginu, á ekki kost á inngöngu að nýju nema stjórn eða félagsfundur samþykki inngöngu.*

*Hafi félagsmaður ekki greitt félagsgjald síðastliðna 12 mánuði, skal nafn hans numið af félagaskrá, nema hann tilgreini ástæður sem stjórn félagsins tekur gildar. Áður en félagsmaður er tekinn af félagaskrá skal honum tilkynnt það bréflaga með eðlilegum fyrirvara.*

Lagt er til að greinin hljóði svo:

*Stjórn félagsins getur áminnt eða vikið úr félaginu félagsmanni sem að hennar áliti brýtur gegn lögum félagsins, samningum þess við vinnuveitendur eða vinnur gegn hagsmunum félagsins. Ákvörðun stjórnar getur viðkomandi félagsmaður vísað til fulltrúaráðs og þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða á fulltrúaráðsfundi til staðfestingar.*

*Brottvikningu má einungis beita þegar sakir eru miklar eða brot sem hefur verið áminnt fyrir áður er endurtekið.*

*Félagsmaður, sem er vikið úr félaginu, á ekki kost á inngöngu að nýju nema stjórn samþykki inngöngu.*

#### **Rökstuðningur:**

Lagt er til að félagsmaður geti borið ákvörðun um brottvikningu sína undir fulltrúaráð, í stað félagsfundar enda er mun auðveldara að kalla saman fulltrúaráð heldur en félagsfund.

Þá eru önnur ákvæði færð til og flutt yfir í 8. grein um úrsögn.

## 10. grein - Réttindi

Núverandi grein (9. gr.) hljóðar svo:

*Réttindi félagsmanna eru:*

1. *Forgangsréttur til starfa í samræmi við starfsréttindi, kjarasamninga og lög.*
2. *Málfrelsi, tillögu- og atkvæðaréttur á fundum félagsins og við allsherjaratkvæðagreiðslur ásamt kjörgengi til trúnaðarstarfa.*
3. *Réttur til styrkja úr sjóðum félagsins samkvæmt reglum þeirra sjóða.*
4. *Réttur til orlofsaðstöðu samkvæmt reglum um orlofssjóð.*
5. *Þátttaka í fræðslustarfi á vegum félagsins.*
6. *Upplýsingar um launakjör, atvinnuréttindi og atvinnumöguleika.*
7. *Þjónusta og aðstoð félagsins við að ná fram samnings- og félagsréttindum.*

Lagt er til að greinin hljóði svo:

*Réttindi félagsmanna eru, nema annað sé tekið fram í lögum þessum:*

1. *Forgangsréttur til starfa í samræmi við starfsréttindi, kjarasamninga og lög.*
2. *Málfrelsi, tillögu- og atkvæðaréttur á fundum félagsins og við allsherjaratkvæðagreiðslur ásamt kjörgengi til trúnaðarstarfa.*
3. *Réttur til styrkja úr sjóðum félagsins samkvæmt reglum þeirra sjóða.*
4. *Réttur til orlofsaðstöðu samkvæmt reglum um orlofssjóð.*
5. *Þátttaka í fræðslustarfi á vegum félagsins.*
6. *Upplýsingar um launakjör, atvinnuréttindi og atvinnumöguleika.*
7. *Þjónusta og aðstoð félagsins við að ná fram samnings- og félagsréttindum.*

*Stjórn félagsins skal vera heimilt er veita námsmönnum starfsgreina sem taldar eru upp í 4. gr. laga þessara undanþágu til að halda áunnum réttindum meðan á námi stendur.*

### **Rökstuðningur:**

Ákvæði um námsmenn, sem nú er í 20. gr., verður fært yfir í þessa grein enda snýr ákvæðið að réttindum námsmanna en ekki félagsgjöldum þeirra.

Að öðru leyti er einungis um orðalagsbreytingar að ræða sem ekki hafa efnislegar breytingar í för með sér.

## 11. grein - Skyldur

Núverandi grein (10. gr.) hljóðar svo:

*Skyldur félagsmanna eru að:*

1. *Hlíta lögum félagsins, fundarsköpum og fundarsamþykktum og samningum.*
2. *Greiða félagsgjald.*
3. *Gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið nema sérstakar ástæður hamli.*
4. *Tilkynna til félagsins brot á samningum.*
5. *Vinna af heilindum fyrir félagið.*
6. *Stuðla að því að ófélagsbundnir menn gangi í félagið.*

Lagt er til að greinin hljóði svo:

*Skyldur félagsmanna eru að:*

1. *Hlíta lögum félagsins, fundarsköpum og fundarsamþykktum og samningum sem félagið hefur gert.*
2. *Greiða félagsgjald.*
3. *Tilkynna til félagsins brot á samningum.*
4. *Vinna af heilindum fyrir félagið.*

### **Rökstuðningur:**

Lagt er til að 3. og 6. töluliðir falli brott. Ekki þykir viðeigandi að kveða á um slíkar skyldur í þágu félagsins.

## 12. grein – Stjórn

Núverandi grein (11. gr.) hljóðar svo:

*Stjórn félagsins er skipuð 9 mönnum sem eru formaður og 8 meðstjórnendur og er einn þeirra kosinn varaformaður.*

*Formaður er kosinn til fjögurra ára. Aðrir stjórnarmenn og 8 varamenn eru kjörnir til tveggja ára.*

*Á fyrsta fundi stjórnar að loknum kosningum kýs stjórnin í leynilegri atkvæðagreiðslu varaformann félagsins úr sínum röðum. Nú tekur varaformaður við störfum formanns og velur þá stjórnin sér nýjan varaformann úr sínum hópi.*

Lagt er til að greinin hljóði svo:

*Stjórn félagsins skal skipuð níu einstaklingum, það er formanni og átta meðstjórnendum. Þá skulu vera átta stjórnarmenn til vara.*

*Formaður skal kosinn til fjögurra ára en aðrir stjórnarmenn og varastjórnarmenn skulu kjörnir til tveggja ára.*

*Einn meðstjórnenda skal kosinn varamaður stjórnar. Kosningin skal vera leynileg ef einn stjórnarmaður óskar eftir því. Nú tekur varaformaður við störfum formanns og velur þá stjórnin sér nýjan varaformann úr sínum hópi.*

**Rökstuðningur:**

Einungis er um orðalagsbreytingar að ræða sem ekki hafa efnislegar breytingar í för með sér.

### 13. grein – Störf stjórnar

Núverandi grein (í dag 12. gr.) hljóðar svo:

*Stjórn félagsins stýrir málefnum félagsins milli félags- og aðalfunda.*

*Stjórnin vinnur að stefnumótun fyrir félagið og framgangi þeirra mála sem félagið hefur sett sér að vinna að.*

*Stjórnin sér til þess að skipulag og starfsemi félagsins sé í góðu horfi og í samræmi við lög félagsins. Hún ber ábyrgð á fjárreiðum og eignum félagsins og sér til þess að fjármál félagsins séu jafnan í góðu horfi. Stjórnin tekur allar meiriháttar ákvarðanir sem snúa að fjármálum.*

*Launanefnd gerir tillögu að launum og starfskjörum formanns og framkvæmdastjóra, sem síðan þarf samþykki stjórnar.*

*Stjórn félagsins er skylt að sjá til þess að starfsmenn hafi starfslýsingu og ráðningasamning.*

*Stjórn skal leggja fyrir aðalfund tillögu um stjórnarlaun fyrir komandi ár.*

*Starfsmenn félagsins aðrir en formaður skulu vera utan stjórnar félagsins.*

*Stjórn félagsins er skylt að láta löggiltan endurskoðanda endurskoða reikninga og fjárreiður félagsins í lok hvers reikningsárs.*

Lagt er til að greinin hljóði svo:

*Stjórn félagsins stýrir málefnum félagsins milli félags- og aðalfunda.*

*Stjórnin vinnur að stefnumótun fyrir félagið og framgangi þeirra mála sem félagið hefur sett sér að vinna að.*

*Stjórnin sér til þess að skipulag og starfsemi félagsins sé í góðu horfi og í samræmi við lög félagsins. Stjórn ber ábyrgð á fjárreiðum og eignum félagsins og sér til þess að fjármál félagsins séu jafnan í góðu horfi. Stjórnin tekur allar meiriháttar ákvarðanir sem snúa að fjármálum, samanber þó 21. grein.*

*Stjórn félagsins skal setja sér og stjórnnum allra sjóða og nefnda samkvæmt 16. gr. starfsreglur. Þá skal stjórn vera skylt að sjá til þess að starfsmenn félagsins hafi starfslýsingu og ráðningasamning.*

*Stjórn skal í samstarfi við launanefnd leggja fyrir aðalfund tillögu um stjórnarlaun fyrir komandi ár.*

*Starfsmenn félagsins aðrir en formaður skulu vera utan stjórnar félagsins.*

*Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar, eða svo fljótt sem verða má, skal taka fyrir eftirfarandi málefni:*

1. Kosning varaformanns stjórnar samkvæmt 12. grein.
2. Ákvörðun um félagsgjald aukafélaga samkvæmt 7. grein.
3. Skipun fulltrúaráðs samkvæmt 15. grein.
4. Skipun starfsnefnda samkvæmt 16. grein.

**Rökstuðningur:**

Lagt er til að skerpt verði á lögbundnum hlutverkum stjórnar og má nú finna betri upptalningu á hlutverki stjórnar, á einum stað. Þá er kveðið á um skyldu stjórnar til þess að setja starfsreglur fyrir viðeigandi aðila sem starfa á vegum félagsins.

Að öðru leyti er einungis um orðalagsbreytingar að ræða sem ekki hafa efnislegar breytingar í för með sér.

#### 14. grein – Stjórnarfundir

Núverandi grein (í dag 13. gr.) hljóðar svo:

*Formaður boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim. Óski þrír eða fleiri stjórnarmenn skriflega eftir því að stjórnarfundur verði haldinn er formanni skylt að verða við þeirri ósk enda sé tilgreint hvert fundarefnið sé.*

*Varaformaður gegnir skyldum formanns í forföllum hans.*

*Stjórn heldur fundi svo oft sem þörf er á og eru fundir stjórnar lögmætir þegar a.m.k. 7 stjórnarmenn sitja fund. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum um afgreiðslu mála.*

*Formaður félagsins ber ábyrgð á starfsemi þess í umboði stjórnar.*

*Formaður sér til þess að fundir stjórnar séu skráðir og fundargerðir varðveittar á öruggan hátt.*

Lagt er til að greinin hljóði svo:

*Formaður boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim. Varaformaður gegnir skyldum formanns í forföllum hans. Óski þrír eða fleiri stjórnarmenn skriflega eftir því að stjórnarfundur verði haldinn er formanni skylt að verða við þeirri ósk enda sé tilgreint hvert fundarefnið sé.*

*Stjórn heldur fundi svo oft sem þörf er á og eru fundir stjórnar lögmætir þegar a.m.k. sjö stjórnarmenn sitja fund. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum um afgreiðslu mála. Heimilt er að halda stjórnarfundi með aðstoð fjarfundabúnaðar.*

*Formaður sér til þess að fundir stjórnar séu skráðir og fundargerðir varðveittar á öruggan hátt.*

#### **Rökstuðningur:**

Lagt er til að heimildarákvæði verði sett í lögum um fjarfundi, en til þessa hafa slík ákvæði ekki verið í lögum.

Lagt er til að ákvæði 4. mgr. verði felld brott enda þykir eðlilegra að formaður sækir sérstaklega umboð til stjórnar fyrir tilteknum ákvörðunum, í stað þess að hann hafi óljóst og opið umboð samkvæmt þessari lagagrein.

Að öðru leyti er einungis um orðalagsbreytingar að ræða sem ekki hafa efnislegar breytingar í för með sér.

### 15. grein - Fulltrúaráð

Núverandi grein (í dag 14. gr.) hljóðar svo:

*Í félaginu starfar fulltrúaráð sem er stjórn félagsins til ráðgjafar og stuðnings við ýmis stærri málefni í starfsemi félagsins s.s. stefnumótun, kjarasamninga og meiriháttar framkvæmdir á vegum félagsins.*

*Fulltrúaráð skal skipað stjórnarmönnum og varastjórn félagsins. Einnig trúnaðarmönnum og tengiliðum félagsins á landsbyggðinni, auk allt að fimm félagsmanna sem stjórn félagsins skipar og skal skipunartími þeirra sá sami og stjórnar.*

*Formaður félagsins er formaður fulltrúaráðs. Skal hann boða til fundar þess eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en tvisvar sinnum á hverju ári.*

Lagt er til að greinin hljóði svo:

*Í félaginu starfar fulltrúaráð sem er stjórn félagsins til ráðgjafar og stuðnings við ýmis stærri málefni í starfsemi félagsins, svo sem stefnumótun, kjarasamninga og meiriháttar framkvæmdir á vegum félagsins.*

*Fulltrúaráð skal skipað stjórnarmönnum og varastjórn félagsins, trúnaðarmönnum auk allt að 10 félagsmönnum sem stjórn félagsins skipar og skal skipunartími þeirra vera sá sami og stjórnar.*

*Formaður félagsins er formaður fulltrúaráðs. Skal hann boða til fundar þess eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en einu sinni á hverju ári. Heimilt skal að halda fulltrúaráðsfundi með aðstoð fjarfundabúnaðar.*

#### **Rökstuðningur:**

Lagt er til að skerpt verði á því hverjir geti átt sæti í fulltrúaráði. Þannig eru óskilgreindir fimm „tengiliðir á landsbyggðinni“ felldir brott og þess í stað lagt til að stjórn tilnefni allt að tíu félagsmenn í ráðið.

Lagt er til að heimildarákvæði verði sett í lögum um fjarfundi, en til þessa hafa slík ákvæði ekki verið í lögum.

Að öðru leyti er einungis um orðalagsbreytingar að ræða sem ekki hafa efnislegar breytingar í för með sér.

## 16. grein - Starfsnefndir

### Núverandi grein hljóðar svo:

*Fagnefnd sjómanna skal starfsrækt innan félagsins. Hlutverk nefndarinnar felst í umfjöllun um sérstök hagsmunamál sjómanna og að gera tillögur um þau til stjórnar. Fylgjast með kjörum sjómanna í samanburði við aðra hópa og eiga aðild að kjarasamningsgerð vegna sjómanna. Starfsmaður félagsins skal vera nefndinni til ráðuneytis.*

*Lífeyrissjóðanefnd skal starfrækt innan félagsins. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um lífeyrissjóðsréttindi félagsmanna og gæta hagsmuna þeirra í lífeyrissjóðakerfinu. Hún gerir tillögur til stjórnar félagsins og um fulltrúa fyrir aðalfundi lífeyrissjóðanna. Starfsreglur nefndarinnar ákveðast af stjórn félagsins. Starfsmaður félagsins skal vera nefndinni til ráðuneytis.*

*Launanefnd VM er fastanefnd sem starfar allt árið. Launanefnd gerir tillögu að launum og starfskjörum formanns og framkvæmdastjóra, sem síðan þarf samþykki stjórnar. Launanefnd er skipuð þremur stjórnarmönnum sem skuli kosnir á fyrsta fundi stjórnar eftir stjórnarkjör.*

*Stjórn félagsins er jafnframt heimilt að koma á fót öðrum fag- og starfsnefndum til að vinna að hagsmunamálum félagsmanna og einstakra faghópa í þágu félagsins.*

### Lagt er til að greinin hljóði svo:

*Fagnefnd sjómanna skal fylgjast með kjörum sjómanna og eiga aðild að kjarasamningsgerð vegna þeirra. Þá skal hún fjalla um sérstök hagsmunamál sjómanna og gera tillögur í tengslum við þau til stjórnar. Starfsmaður félagsins skal vera nefndinni til ráðuneytis.*

*Lífeyrissjóðanefnd skal fjalla um lífeyrissjóðsréttindi félagsmanna, gæta hagsmuna þeirra í lífeyrissjóðakerfinu og gera tillögur til stjórnar félagsins í því sambandi. Þá skal hún gera tillögu til stjórnar félagsins um fulltrúa fyrir aðalfundi lífeyrissjóðanna. Starfsmaður félagsins skal vera nefndinni til ráðuneytis.*

*Launanefnd skal gera tillögu að launum og starfskjörum formanns, stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, sem síðan þarf samþykki stjórnar og eftir atvikum aðalfundar. Launanefnd skal skipuð þremur stjórnarmönnum félagsins.*

*Laganefnd skal taka til umfjöllunar þær tillögur að laga- og reglugerðarbreytingum sem berast skrifstofu félagsins í aðdraganda aðalfunda. Þá skal nefndin gera sjálf tillögur til stjórnar félagsins um laga- og reglugerðarbreytingar. Starfsmaður félagsins skal vera nefndinni til ráðuneytis.*

*Orlofsnefnd skal fjalla um framtíðarskipulag, rekstur og viðhald íbúða og orlofshúsa, orlofssvæða félagsins og gera tillögur til stjórnar í því sambandi. Starfsmaður félagsins skal vera nefndinni til ráðuneytis.*

*Stjórn félagsins er jafnframt heimilt að koma á fót öðrum fag- og starfsnefndum til að vinna að hagsmunamálum félagsmanna og einstakra faghópa í þágu félagsins.*

**Rökstuðningur:**

Bætt er við ákvæði um störf orlofsnefndar, sem hefur til þessa starfað innan félagsins, en án þess að um hana sé getið í lögnum. Þykir rétt að bæta úr því.

Að öðru leyti er einungis um orðalagsbreytingar að ræða sem ekki hafa efnislegar breytingar í för með sér.

### 17. grein - Samninganefndir

Núverandi grein (í dag 16. gr.) hljóðar svo:

*Stjórn félagsins skipar formenn samninganefnda félagsins vegna þeirra kjarasamninga sem félagið er aðili að í samráði við þá félagsmenn sem starfa eftir viðkomandi samningi.*

*Aðrir fulltrúar samninganefndar eru valdir af þeim félagsmönnum sem starfa samkvæmt viðkomandi samningi en þeir geta þó falið stjórn félagsins að annast samningagerð.*

Lagt er til að greinin hljóði svo:

*Stjórn félagsins skipar formenn samninganefnda félagsins vegna þeirra kjarasamninga sem félagið er aðili að í samráði við þá félagsmenn sem starfa eftir viðkomandi samningi.*

*Aðrir fulltrúar samninganefnda eru valdir af þeim félagsmönnum sem starfa samkvæmt viðkomandi samningi en þeir geta þó falið stjórn félagsins að annast samningagerð.*

**Rökstuðningur:**

Orðið „samninganefndar“ breytist úr eintölu í fleirtölu. Einungis er verið að lagfæra orðalag sem ekki hefur efnislegar breytingar í för með sér.

### 18. grein - Trúnaðarmenn

Núverandi grein (í dag 17. gr.) hljóðar svo:

*Trúnaðarmenn félagsins á vinnustöðum starfa samkvæmt lögum og viðkomandi kjarasamningi. Félagsstjórn skal staðfesta kjör trúnaðarmanna og tilkynna það atvinnurekanda.*

Lagt er til að greinin hljóði svo:

*Formaður, fyrir hönd félagsstjórnar, skal staðfesta kjör trúnaðarmanna og tilkynna það atvinnurekanda. Trúnaðarmenn skulu starfa eftir erindisbréfi er stjórn félagsins setur þeim. Trúnaðarmenn skulu hafa eftirlit með að lögum félagsins, samþykktum og samningum sé hlýtt. Trúnaðarmenn eru tengiliðir starfsmanna á viðkomandi vinnustað við stjórn og starfsmenn félagsins og eiga þeir rétt á aðstoð stjórnar og starfsmanna í störfum sínum. Að öðru leyti fer um starfsemi, réttindi og skyldur trúnaðarmanna að lögum og kjarasamningum félagsins.*

#### **Rökstuðningur:**

Lagt er til að kveðið verði á um hlutverk trúnaðarmanna með mun skýrari hætti heldur en gert er í núgildandi lögum. Tillögurnar eru í samræmi við lögbundin hlutverk trúnaðarmanna. Lagt er til að stjórn félagsins setji trúnaðarmönnum sérstakt erindisbréf, líkt og með marga aðra sem starfa á vegum félagsins þar sem slíkt er m.a. gert í formi starfsreglna nefnda.

### Núverandi 18. grein - Deildir

#### Núverandi grein hljóðar svo:

*Heimilt er 30 almennum félagsmönnum að stofna svæðisbundna deild innan félagsins, enda eigi allir stofnendur fyrirhugaðrar deildar lögheimili á félagssvæði hennar. Aldrei getur starfað nema ein deild á hverju svæði og er öllum félagsmönnum sem eiga lögheimili þar heimilt að starfa með deildinni.*

*Megin markmið deildarinnar er að auka tengsl milli viðkomandi félagsmanna og stjórnar félagsins.*

*Félagsmenn deilda kjósa sér stjórn, formann og tvo meðstjórnendur.*

*Aðalfundur félagsins skal fjalla um stofnun deilda og kanna lögmæti þeirra, félagssvæði og yfirlýst markmið. Samrýmist þau lögum og markmiðum félagsins er aðalfundi heimilt að samþykkja deildarstofnunina. Aðeins með formlegri staðfestingu aðalfundar má deildin hefja starfsemi.*

*Stjórn deildar getur komið málum á framfæri við stjórn félagsins.*

Lagt er til að greinin falli brott í heild sinni.

#### **Rökstuðningur:**

Engar deildir eru lengur starfandi innan félagsins. Um er að ræða barn síns tíma og er því lagt til að ákvæðið verði fellt úr lögnum. Rétt er að geta þess að innan félagsins geta starfað sérstakar starfsnefndir sem gætu tekið við hlutverki deilda, ef því er að skipta.

### 19. grein - Framkvæmdastjóri

Núverandi grein hljóðar svo:

*Stjórn félagsins er heimilt að ráða framkvæmdastjóra til starfa hjá félaginu. Nánar skal kveðið á um störf framkvæmdastjóra í starfslýsingu sem hljóta þarf samþykki stjórnar félagsins.*

Lagt er til að greinin hljóði svo:

*Stjórn félagsins er heimilt að ráða framkvæmdastjóra sem hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfslíðs. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.*

**Rökstuðningur:**

Lagt er til að ákvæði um framkvæmdastjóra félagsins verði fært í nútímalegra horf, svo það endurspegli almennar skyldur framkvæmdastjóra. Ekki er þó um miklar efnislegar breytingar að ræða.

## 20. grein – Fjármál

Núverandi grein (í dag 21. gr.) hljóðar svo:

*Sjóðir félagsins eru Félagssjóður, Sjúkrasjóður, Orlofssjóður, Fræðslusjóður, Vinnudeilusjóður, Akkur og Minningarsjóður VM.*

*Allir sjóðir félagsins, aðrir en Félagssjóður, starfa samkvæmt sérstakri reglugerð sem aðalfundur samþykkir. Í reglugerðum sjóða kemur fram hlutverk þeirra, tekjustofnar, hvernig fé þeirra er varið og sjóðunum stjórnað.*

*Stjórn félagsins ber ábyrgð á eignum félagsins og sér um ávöxtun þeirra sjóða sem ekki hafa sérstakar stjórnir. Stjórn félagsins og stjórnir einstakra sjóða þess skulu ávaxta sjóði á öruggan og hagkvæman hátt.*

*Af félagsgjöldum er greiddur kostnaður við rekstur félagsins og önnur þau útgjöld sem samþykktir félagsins hafa í för með sér. Stjórn félagsins sér til þess að gerðar séu fjárhags- og rekstraráætlanir fyrir starfsemi félagsins og að unnið sé eftir þeim. Stjórnin leitar samþykkis félagsfundar um meiriháttar fjármálaráðstafanir. Tillögur um þær verða einungis teknar til umfjöllunar og afgreiðslu að þeirra hafi verið getið í fundarboði og þeim fylgi skriflegur rökstuðningur þar sem fram kemur bæði nauðsyn fjárfestingarinnar fyrir félagið og mat á fjárhagslegri getu þess til að standa straum af henni.*

*Reikningsárið er almanaksárið.*

Lagt er til að greinin hljóði svo:

*Sjóðir félagsins eru Félagssjóður, Sjúkrasjóður, Orlofssjóður, Fræðslusjóður, Vinnudeilusjóður, Akkur og Minningarsjóður VM.*

*Allir sjóðir félagsins, aðrir en Félagssjóður, starfa samkvæmt sérstökum reglugerðum sem aðalfundur samþykkir. Í reglugerðum sjóða skal koma fram hlutverk þeirra, tekjustofnar, hvernig fé þeirra skal varið og sjóðunum skuli stjórnað.*

*Stjórn félagsins skal sjá um ávöxtun þeirra sjóða sem ekki hafa sérstakar stjórnir. Stjórn félagsins og stjórnir einstakra sjóða þess skulu ávaxta sjóði á öruggan og hagkvæman hátt.*

*Af félagsgjöldum skal greiddur kostnaður við rekstur félagsins og önnur þau útgjöld sem samþykktir félagsins hafa í för með sér. Stjórn félagsins skal sjá til þess að gerðar séu fjárhags- og rekstraráætlanir fyrir starfsemi félagsins og að unnið sé eftir þeim. Stjórnin skal leita samþykkis félagsfundar um fjármálaráðstafanir sem nema hærrí fjárhæð en 10% af eignum Félagssjóðs við lok síðasta reikningsárs. Tillögur þess efnis verða einungis teknar til umfjöllunar og afgreiðslu á félagsfundi ef þeirra hefur verið getið í fundarboði og þeim fylgja skriflegur rökstuðningur þar sem fram kemur bæði nauðsyn fjárfestingarinnar fyrir félagið og mat á fjárhagslegri getu þess til að standa straum af henni.*

*Reikningsárið er almanaksárið.*

**Rökstuðningur:**

Í núgilandi lögum er fjallað um félagsgjöld í 20. gr. Í samræmi við aðra lagabreytingartillögu þá er lagt til að ákvæðið um félagsgjöld verði framvegis í 7. grein laganna. Það hefur í för með sér að ákvæði um sjóði flyst úr 21. gr. í 20. gr.

Lagt er til að „meiriháttar fjármálaráðstafanir“ verði skilgreindar sem 10% af eignum Félagssjóðs. Ekkert slíkt ákvæði er í núgilandi lögum.

Lagt er til að ákvæði um skyldu stjórnar til að bera ábyrgð á eignum félagsins verði flutt úr 12. grein yfir í þessa grein.

Að öðru leyti er einungis um orðalagsbreytingar að ræða sem ekki hafa efnislegar breytingar í för með sér.

## 22. grein - Aðalfundur

Núverandi grein (í dag 23. gr.) hljóðar svo:

*Aðalfundur félagsins er haldinn fyrir lok apríl ár hvert og skal hann boðaður með minnst viku fyrirvara með auglýsingum í blaði félagsins, á heimasíðu félagsins eða öðrum viðurkenndum fjölmiðlum.*

*Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins.*

*Á aðalfundi eru eftirfarandi mál tekin fyrir:*

1. Skýrsla stjórnar.
2. Reikningar félagsins og sjóða.
3. Ákvörðun um löggilta endurskoðendur.
4. Ákvörðun stjórnarlauna.
5. Lagabreytingar og reglugerðir.
6. Lýst kjöri stjórnar.
7. Kjör í nefndir og stjórnir sjóða.
8. Kjör kjörstjórnar.
9. Kjör uppstillingarnefndar.
10. Önnur mál.

*Formaður félagsins setur aðalfund og lætur fara fram kosningu fundarstjóra og fundarritara.*

*Fundarstjóri kannar hvort fundur sé rétt boðaður, sér til þess að fundurinn fari skipulega fram og lögum og samþykktum félagsins sé fylgt.*

*Aukaaðalfundur er haldinn ef félagsstjórn telur það nauðsynlegt. Allar sömu reglur gilda um boðun og framkvæmd aukaaðalfundar og hinn árlega aðalfund enda hefur hann sama vald. Á hinum árlega aðalfundi gerir stjórn félagsins grein fyrir starfsemi félagsins á liðnu ári og leggur fram skýrslu um starf félagsins og fjármál með hugsanlegum athugasemdum endurskoðanda félagsins. Reikningar eru bornir undir aðalfund til samþykktar eða synjunar.*

Lagt er til að greinin hljóði svo:

*Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir lok apríl ár hvert og skal hann boðaður með minnst fjögurra vikna fyrirvara með auglýsingum á heimasíðu félagsins og einnig með rafrænum hætti, t.d. tölvupósti eða vefsíðu félagsins. Stjórn félagsins skal kynna félögum dagskrá fundarins og önnur málefni sem hún hyggst leggja fyrir fundinn með minnst viku fyrirvara. Málefni sem félagsmenn óska eftir að tekin verið til umræðu á fundinum skulu þeir kynna stjórn félagsins með minnst tveggja vikna fyrirvara. Fundurinn getur þó tekið fyrir mál borin upp með styttri fyrirvara, að fengnu samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á fundinum.*

*Stjórn er heimilt að ákveða að aðalfundur verði haldinn rafrænt, hvort heldur í heild eða að hluta, enda sé tækni sú sem nýtt er til fundarins örugg að mati stjórnar. Ákvörðunar um að aðalfundur*

skuli haldinn rafrænt skal getið í fundarboði auk þess sem þar skulu koma fram nauðsynlegar upplýsingar svo félagsmenn geti tekið þátt í fundinum.

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins.

Á aðalfundi skulu eftirfarandi mál tekin fyrir:

1. Skýrsla stjórnar um rekstur og starfsemi félagsins síðastliðið rekstrarár.
2. Staðfesting ársreiknings félagsins og sjóða.
3. Kynning rekstraráætlunar félagsins vegna yfirstandandi rekstrarárs.
4. Kosning löggilts endurskoðanda.
5. Ákvörðun stjórnarlauna.
6. Lagabreytingar og reglugerðir.
7. Gerð grein fyrir úrslitum stjórnarkjörs.
8. Kosning í stjórnir sjóða.
9. Kosning kjörstjórnar.
10. Kosning uppstillingarnefndar.
11. Önnur mál.

Formaður félagsins setur aðalfund og lætur fara fram kosningu fundarstjóra og fundarritara.

Aukaaðalfundur skal haldinn ef félagsstjórn telur það nauðsynlegt. Allar sömu reglur gilda um boðun og framkvæmd aukaaðalfundar og hinn árlega aðalfund enda hefur hann sama vald.

**Rökstuðningur:**

Lagðar eru til breytingar svo ákvæði um aðalfund verði færð í nútímalegra horf.

Lagt er til að boðað verði til aðalfundar með fjögurra vikna fyrirvara í stað einnar viku. Ástæðan er fyrst og fremst sú að gefa öllum hlutaðeigandi, stjórn félagsins, starfsmönnum þess og félagsmönnum rými tíma til þess að undirbúa sig fyrir fundinn. Almenn séð er boðunartími aðalfunda í öðrum félögum lengri en ein vika.

Í þágu gagnsæis er annars vegar lagt til að stjórn félagsins þurfi að senda út fundargögn með minnst viku fyrirvara og hins vegar að fundarmenn þurfi að senda inn tillögur sínar með tveggja vikna fyrirvara. Er þetta gert svo hægt sé að auglýsa tillögurnar viku fyrir fund. Það gefur fundarmönnum tækifæri á að kynna sér allar tillögur í tæka tíð fyrir fundinn.

Þá er lagt til að stjórn þurfi að kynna rekstraráætlun fyrir yfirstandandi rekstrarár.

Þá er lagt til að sett verði í lögin sérstakt heimildarákvæði um rafrænan fund.

### 23. grein - Félagsfundir

Núverandi grein (í dag 24. gr.) hljóðar svo:

*Almennir félagsfundir eru haldnir eins oft og þurfa þykir.*

*Stjórn félagsins er skylt að boða til félagsfundar þegar minnst 50 félagsmenn krefjast þess skriflega og tilgreina dagskrárefni. Félagsfundur telst lögmætur ef hann er boðaður með minnst þriggja daga fyrirvara í dagblöðum og útvarpi eða með skriflegu fundarboði.*

*Stjórn getur boðað til fundar með einstaka starfshópum innan félagsins með skemmri fyrirvara enda er þá fundarboðun þannig að ætla megi að hún nái til allflestra viðkomandi félagsmanna.*

*Lögmætir félagsfundir hafa æðsta vald í málefnum félagsins milli aðalfunda innan þeirra takmarka sem löggin setja.*

Lagt er til að greinin hljóði svo:

*Almennir félagsfundir eru haldnir eins oft og þurfa þykir.*

*Stjórn félagsins er skylt að boða til félagsfundar þegar minnst 50 félagsmenn krefjast þess skriflega og tilgreina dagskrárefni. Félagsfundur telst lögmætur ef hann er boðaður með minnst þriggja daga fyrirvara og skal boða til hans með sama hætti og aðalfundar. Stjórn er heimilt að ákveða að félagsfundur verði haldinn rafrænt og skal þá gæta að sömu sjónarmiðum og við boðun aðalfundar.*

*Lögmætir félagsfundir hafa æðsta vald í málefnum félagsins milli aðalfunda innan þeirra takmarka sem löggin setja.*

#### **Rökstuðningur:**

Lagðar eru til breytingar svo ákvæði um félagsfundi verði færð í nútímalegra horf.

Lagt er til að 3. mgr. falli brott enda er óþarft að kveða sérstaklega á um það í lögum félagsins að stjórn sé heimilt að funda með einstaka starfshópum innan félagsins. Það liggur í hlutarins eðli.

Þá er lagt til að sett verði í löginn sérstakt heimildarákvæði um rafrænan fund.

## 24. grein - Allsherjaratkvæðagreiðsla

Núverandi grein (í dag 25. gr.) hljóðar svo:

*Allsherjaratkvæðagreiðslu skal viðhafa:*

1. *Við kosningu stjórnar.*
2. *Við kosningu formanns.*
3. *Við afgreiðslu kjarasamninga eftir nánari ákvæðum laga um stéttarfélög og vinnudeilur.*
4. *Við slit á félaginu.*
5. *Þegar lögmætur félagsfundur samþykkir að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu í félaginu um tiltekin mál.*

*Allsherjaratkvæðagreiðsla fer fram með leynilegri rafrænni atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna nema sérstakar ástæður hamli.*

Lagt er til að greinin hljóði svo:

*Allsherjaratkvæðagreiðslu skal viðhafa:*

1. *Við kosningu stjórnar.*
2. *Við kosningu formanns.*
3. *Við slit á félaginu.*
4. *Þegar lögmætur félagsfundur samþykkir að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu í félaginu um tiltekin mál.*

*Allsherjaratkvæðagreiðsla fer fram með leynilegri rafrænni atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna nema sérstakar ástæður hamli.*

### **Rökstuðningur:**

Lagt er til að 3. töluliður verði felldur brott þar sem atkvæðagreiðslur um einstaka kjarasamninga fara ekki fram á vegum allra félagsmanna, heldur einungis þeirra sem falla undir viðeigandi kjarasamning. Um atkvæðagreiðslur slíkra kjarasamninga er fjallað annars staðar í lögnum.

## 25. grein - Kjörstjórn

Núverandi grein (í dag 26. gr.) hljóðar svo:

*Kjörstjórn skal vera starfandi í félaginu.*

*Hlutverk hennar er að annast um stjórn atkvæðagreiðslna um kjarasamninga, verkföll og allsherjaratkvæðagreiðslur skv. lögum félagsins.*

*Kjörstjórnin skal kjörin af aðalfundi og í henni skulu eiga sæti tveir menn og tveir til vara.*

*Við stjórnun atkvæðagreiðslna um kjarasamninga og verkföll skipar stjórn félagsins þriðja stjórnarmanninn og skal hann vera formaður kjörstjórnar.*

*Við stjórnun allsherjaratkvæðagreiðslna um önnur atriði skv. lögum félagsins og/eða lögum ASÍ skipar miðstjórn ASÍ þriðja kjörstjórnarmanninn og skal hann vera formaður kjörstjórnar.*

*Kjörstjórn, í samráði við viðkomandi stjórn eða nefnd, ákveður hverju sinni hvort atkvæðagreiðsla skuli fara fram með leynilegri skriflegri atkvæðagreiðslu eða með rafrænum hætti.*

*Kjörstjórn setur vinnureglur um framkvæmd kosninga í samræmi við 27. gr. laga VM um kosningar og 25. gr. laga um allsherjaratkvæðagreiðslur.*

*Meðlimir kjörstjórnar eru bundnir þagnarskyldu um úrslit kosninga þar til þau hafa verið birt.*

Lagt er til að greinin hljóði svo:

*Kjörstjórn skal vera starfandi í félaginu og skal hlutverk hennar vera að annast framkvæmd allra almennra atkvæðagreiðslna innan félagsins samkvæmt lögum þessum.*

*Kjörstjórnin skal kosin af aðalfundi og í henni skulu eiga sæti tveir einstaklingar og tveir til vara. Við framkvæmd atkvæðagreiðslna um kjarasamninga og verkföll skipar stjórn félagsins þriðja kjörstjórnarmanninn og skal hann vera formaður kjörstjórnar.*

*Við framkvæmd annarra atkvæðagreiðslna á vegum félagsins skal miðstjórn ASÍ skipa þriðja kjörstjórnarmanninn og skal hann vera formaður kjörstjórnar.*

*Nema annað sé ákveðið í lögum þessum skal kjörstjórn, að höfðu samráði við stjórn félagsins, ákveða hverju sinni með hvaða hætti atkvæðagreiðsla fer fram, svo sem með handauppréttingu, með leynilegri skriflegri atkvæðagreiðslu eða með rafrænum hætti.*

*Kjörstjórn skal setja vinnureglur um framkvæmd kosninga í samræmi við 24. og 26. gr. laga þessara.*

*Meðlimir kjörstjórnar eru bundnir þagnarskyldu um úrslit kosninga þar til þau hafa verið birt.*

**Rökstuðningur:**

Lagt er til að skerpt verði á hlutverki kjörstjórnar, svo ekkert fari á milli mála að kjörstjórn hafi umsjón með öllum almennum kosningum innan félagsins.

Að öðru leyti er einungis um orðalagsbreytingar að ræða sem ekki hafa efnislegar breytingar í för með sér.

## 26. grein – Kosningar í stjórn og nefndir

Núverandi grein (í dag 27. gr.) hljóðar svo:

*Ári áður en kosningar fara fram kýs aðalfundur 7 manna uppstillingarnefnd sem annast uppstillingu manna til formanns og stjórnar eftir því sem við á.*

*Uppstillingarnefnd ræðir allar tillögur sem henni kunna að berast og kappkostar að taka tillit til starfsgreina og landssvæða þannig að stjórn endurspegli breidd félagsins.*

*Þeir einir eru kjörgengir til stjórnar sem hafa greitt hlutfall af launum í félagsgjald síðustu 6 mánuði áður en uppstillingarnefnd lýkur störfum auk heiðursfélaga.*

*Uppstillingarnefnd lýkur störfum eigi síðar en 6 vikum fyrir næsta aðalfund félagsins sem skal í síðasta lagi vera haldinn í lok apríl ár hvert.*

*Niðurstaða hennar er kynnt á almennum félagsfundi. Aðrar tillögur sem fram koma teljast aðeins gildar að þær hafi verið bornar fram innan þess frests sem kjörstjórn auglýsir og hafi stuðning 20 fullgildra félagsmanna.*

*Við formannskjör er sá frambjóðenda réttkjörinn sem flest atkvæði hlýtur.*

*Við kjör stjórnarmanna og varamanna skal stilla upp 16 félagsmönnum í stafrófsröð. Upphaf stafrófsraðar skal ákveðið með því að draga um upphafsstaf í röðinni.*

*Merkja skal við allt að 8 nöfn á atkvæðaseðlinum með krossi og raðast aðalstjórnarmenn og varamenn eftir atkvæðamagni. Þeir 8 sem flest atkvæði hljóta í kosningunni eru réttkjörnir aðalstjórnarmenn og sá 9. í röðinni er 1. varamaður stjórnar.*

Lagt er til að greinin hljóði svo og heiti framvegis „Kosningar í stjórn og nefndir“:

*Í uppstillingarnefnd skulu eiga sæti fimm einstaklingar sem kosnir eru af aðalfundi. Hlutverk uppstillingarnefndar skal vera að kalla eftir framboðum til formanns, stjórnar og annarra embætta sem kosið er til á aðalfundi félagsins. Berist fleiri framboð heldur en embætti sem kosið er í, skal uppstillingarnefnd skila tillögum sínum að kjöri í viðeigandi embætti og skulu tillögurnar berast stjórn félagsins eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund. Í störfum sínum skal nefndin kappkosta við að taka tillit til starfsgreina og landssvæða þannig að frambjóðendur endurspegli breidd félagsins. Stjórn skal kynna félagsmönnum niðurstöður uppstillingarnefndar þegar þær liggja fyrir.*

*Framboð skulu berast skrifstofu félagsins með skriflegum hætti eigi síðar en þremur vikum fyrir boðaðan aðalfund.*

*Að undanskildum heiðursfélögum skulu þeir einir vera kjörgengir sem hafa greitt félagsgjald síðustu sex mánuði áður en framboðsfrestur rennur út.*

*Um formann skal kosið sérstaklega og skal fjöldi atkvæða ráða kjöri.*

*Við stjórnarkosningu skal kjósa allt að átta frambjóðendur og skulu þeir átta frambjóðendur sem hljóta flest atkvæði teljast réttkjörnir til aðalstjórnar en þeir átta sem á eftir koma teljast réttkjörnir til varastjórnar. Fjöldi atkvæða skal ráða röð varastjórnarmanna og ef atkvæði eru jöfn þá skal hlutkesti ráða röð þeirra.*

*Kosning skal vera rafræn og skal hefjast eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund og skal henni ljúka eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir aðalfund. Við kosninguna skal gæta reglna ASÍ um um verklag við rafrænar atkvæðagreiðslur eftir því sem við á.*

*Kjörstjórn skal tilkynna stjórn félagsins um niðurstöður kosninga þegar þær liggja fyrir og skulu þær birtar félagsmönnum í kjölfarið.*

#### **Rökstuðningur:**

Hér er verið að leggja til að fyrirkomulag kosninganna verði skýrt en í dag gæti það talist nokkuð á reiki. Texti ákvæðisins, eftir breytingu, felur í sér línulegra fyrirkomulag sem jafnframt er umtalsvert skýrara heldur en núverandi fyrirkomulag. Með breyttu fyrirkomulagi er verið að leggja til að:

1. Aðalfundur er boðaður fjórum vikum fyrir aðalfund.
2. Framboðsfrestur rennur út þremur vikum fyrir aðalfund.
3. Uppstillingarnefnd hefur að meginstefnu tvö hlutverk. Annars vegar að sjá til þess að næg framboð berist og hins vegar að sjá til þess að koma með tillögu að uppstillingu frambjóðenda, ef umfram framboð berast.
4. Uppstillingarnefnd þarf að skila tillögum sínum tveimur vikum fyrir aðalfund og þarf stjórn félagsins að senda tillögurnar á félagsmenn. Kosningar hefjast á sama tíma.
5. Kosningu lýkur tveimur sólarhringum fyrir aðalfund og skulu úrslit kynnt þegar þau liggja fyrir.
6. Kjörstjórn annast framkvæmd kosninganna.

Þá er lagt til að frambjóðendur þurfi ekki lengur að safna 20 meðmælendum til að mega bjóða sig fram. Eftir breytingu geta allir félagsmenn með kjörgengi boðið sig fram. Er þetta gert svo jafnræði sé meðal félagsmanna, sem margir hverjir koma frá misstórum vinnustöðum eða misstórum byggðarlögum. Ólíkar aðstæður félagsmanna eiga ekki að torvela framboð þeirra sem áhuga hafa.

**Núverandi 28. grein – Móttaka atkvæða**

Núverandi grein hljóðar svo:

*Kosning skal vera rafræn og skal hefjast eigi síðar en þremur vikum fyrir aðalfund. Gæta skal í hvívetna að öll leynd og rekjanleiki atkvæða vegna kosninga sé í samræmi við lög.*

Lagt er til að greinin falli brott í heild sinni.

**Rökstuðningur:**

Lagt er til að greinin falli brott enda verður hún óþörf eftir breytingu á 25. og 26. gr. um kjörstjórn og kosningar.

**Núverandi 29. grein – Talning atkvæða**

Núverandi grein hljóðar svo:

*Atkvæðagreiðslu lýkur þremur sólarhringum fyrir aðalfund. Kjörstjórn sannprófar lögmæti kosningarinnar og undirbúning hennar. Kjörstjórn fer yfir úrslit kosningar og afhendir fundarstjóra úrslit í lokuðu umslagi sem gerir þau kunn. Heimilt er að upplýsa frambjóðendur til stjórnar um niðurstöður kosningar allt að sólarhring fyrir aðalfund.*

Lagt er til að greinin falli brott í heild sinni.

**Rökstuðningur:**

Lagt er til að greinin falli brott enda verður hún óþörf eftir breytingu á 25. og 26. gr. um kjörstjórn og kosningar.

**Núverandi 30. grein – Hæfi og siðareglur fyrir stjórnir og starfsmenn félagsins**

Núverandi grein hljóðar svo:

*Stjórnarmenn verða að uppfylla almenn hæfisskilyrði samkvæmt lögum þessum til félagsaðildar sem og njóta lögræðis.*

*Stjórnarmaður viku sæti við meðferð einstakra mála ef hann hefur persónulegra hagsmuna að gæta eða hagsmuna sem fara í bága við hagsmuni félagsins. Stjórnarmönnum ber að eigin frumkvæði að gæta að hæfi sínu.*

*Stjórn skal setja sér, starfsmönnum og stjórnnum allra sjóða og nefnda almennar samskipta og siðareglur.*

Lagt er til að greinin falli brott í heild sinni.

**Rökstuðningur:**

Lagt er til að greinin falli brott enda verður hún óþörf eftir efnislegu inntaki hennar hefur verið bætt við 13. gr. laganna.

## 27. grein - Lagabreytingar

Núverandi grein (í dag 31. gr.) hljóðar svo:

*Lögum félagsins verður ekki breytt nema á lögmætum aðalfundi og með samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða. Auðir og ógildir seðlar teljast ekki til greiddra atkvæða. Tillögur um lagabreytingar þurfa að berast stjórn félagsins eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund.*

Lagt er til að greinin hljóði svo:

*Lögum félagsins verður ekki breytt nema á lögmætum aðalfundi og með samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða. Auðir og ógildir seðlar teljast ekki til greiddra atkvæða. Tillögur um lagabreytingar þurfa að berast stjórn félagsins eigi síðar en þremur vikum fyrir aðalfund. Lagabreytingar öðlast gildi í samræmi við lög ASÍ.*

### **Rökstuðningur:**

Lagt er til að tillögur að lagabreytingum þurfi að berast stjórn þremur vikum fyrir aðalfund, í stað eins mánaðar. Þar sem aðalfundur er boðaður með fjögurra vikna fyrirvara þá er nauðsynlegt að breyta þessu.

Til áréttingar er lagt til að lagabreytingar öðlast gildi þegar þær hafa verið staðfestar af Alþýðusambandi Íslands. Er það í samræmi við lög ASÍ.

### 29. grein – Slit félagsins

Núverandi grein (í dag 33. gr.) hljóðar svo:

*Félaginu verður ekki slitið nema 2/3 hlutar greiddra atkvæða í allsherjaratkvæðagreiðslu séu fylgjandi félagsslitum. Auðir og ógildir seðlar teljast ekki greidd atkvæði.*

*Lokafundur í félaginu ráðstafar sjóðum þess. Þeir verða geymdir þar til nýtt félag myndast sem starfar á sama grundvelli. Það félag skal þá fá umráð eigna að fengnu samþykki miðstjórnar ASÍ.*

Lagt er til að greinin hljóði svo og heiti framvegis „Slit félagsins“:

*Félaginu verður ekki slitið nema 2/3 hlutar greiddra atkvæða í allsherjaratkvæðagreiðslu séu fylgjandi félagsslitum. Auðir og ógildir seðlar teljast ekki til greiddra atkvæða.*

*Lokafundur í félaginu skal ráðstafa sjóðum þess.*

**Rökstuðningur:**

Lagt er til að lokafundur félagsins fái það hlutverk að ráðstafa sjóðum þess. Er það í samræmi við reglur margra annarra félaga en ótækt þykir að láta núgílandi ákvæði standa óbreytt enda geta sjóðir félagsins og eignir ekki verið geymdar hjá félagi sem hefur verið slitið.

### 30. grein – Sameining við annað félag

Núverandi grein (í dag 34. gr.) hljóðar svo:

1. *Komi fram tillaga á aðalfundi um að sameina félagið öðru félagi/félögum þarf sama hlutfall greiddra atkvæða og við lagabreytingar til að breytingin taki gildi.*
2. *Ákveði aðalfundur VM að láta fara fram allsherjaratkvæðagreiðslu um sameiningartillögu gildir einfaldur meirihluti greiddra atkvæða.*
3. *Óski annað félag að sameinast VM skal tillaga þar um borin upp á aðalfundi VM. Meirihluti greiddra atkvæða ræður niðurstöðu.*

Lagt er til að greinin hljóði svo:

*Félagið verður ekki sameinað öðru félagi nema 2/3 hlutar greiddra atkvæða í allsherjaratkvæðagreiðslu séu fylgjandi sameiningunni. Auðir og ógildir seðlar teljast ekki til greiddra atkvæða.*

**Rökstuðningur:**

Lögð er til einföldun á núgildandi reglu sem þykir óskýr. Breytingin felur í sér að félagið verður ekki sameinað öðru nema að lokinni einni allsherjaratkvæðagreiðslu.

**31. grein - Gildistaka**

Núverandi grein (í dag 35. gr.) hljóðar svo:

*Þannig samþykkt á aðalfundi VM 25. mars 2022.*

Lagt er til að greinin hljóði svo:

*Þannig samþykkt á aðalfundi VM 11. apríl 2024.*

**Rökstuðningur:**

Tillagan þarfnast ekki skýringa.